

Stuðningur við einkarekna fjölmiðla

02 962

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Stuðningur við einkarekna fjölmiðla
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Mennta- og menningarmálaráðuneytis
kt. 460269-2969
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Stuðningur við einkarekna fjölmiðla er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli 65. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 19 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 392,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stuðnings við einkarekna fjölmiðla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stuðnings við einkarekna fjölmiðla fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Páll Magnússon
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	392.000.000	400.000.000
Tekjur samtals		<u>392.000.000</u>	<u>400.000.000</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	391.019.998	400.000.000
Annar rekstrarkostnaður	4	960.000	0
Gjöld samtals		<u>391.979.998</u>	<u>400.000.000</u>
Afkoma ársins		<u>20.002</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar		20.002	0
Veltufjármunir samtals		<u>20.002</u>	<u>0</u>
Eignir samtals		<u>20.002</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		20.002	0
Eigið fé samtals		<u>20.002</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.002</u>	<u>0</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		20.002	0
		<u>20.002</u>	<u>0</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(20.002)	0
		<u>(20.002)</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	392.000.000	400.000.000
	<u>392.000.000</u>	<u>400.000.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	392.000.000	0	392.000.000
Fjárveiting til tekna	0	392.000.000	0	392.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(960.000)	(391.019.998)	0	(391.979.998)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(960.000)	980.002	0	20.002

	2021	2020
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	2.172.661	382.017
Rekstrartilfærslur aðrir	388.847.337	399.617.983
	<u>391.019.998</u>	<u>400.000.000</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

	2021	2020
Sérfræðiþjónusta	960.000	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	960.000	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>960.000</u>	<u>0</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	0	0
Afkoma ársins	20.002	0
Jöfnuður 31.12.	<u>20.002</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.